

KJARVAL

20% afsláttur
Goða þorramatur í úrvali

20% afsláttur
Goða súrmatur 1,2 kg

30% afsláttur
667 kr. kg.
Goða saltkjöt blandað

30% afsláttur
489 kr. kg.
Goða svið soðin

ÞORRINN ER AÐ KOMA

25% afsláttur
334 kr. kg.
Goða saltkjöt ódyrt

40% afsláttur
389 kr. kg.
Móa læri/leggir

30% afsláttur
Danpo neutralmarineret

1.399 kr. pk.
Danpo kjúklinga-bringur frosnar 900 gr.

15% afsláttur
Heimilisostur

614 kr. kg.
4 stk Goða borgarar

169 kr. stk.
Bóna Brie

6 FYRIR 4
KEA Skyr 200 gr.

59 kr. stk.
Egils pilsner 0,5 litrar

299 kr. stk.
Hrókur

129 kr. stk.
Myllu rúg-brauðskubbur

249 kr. kg.
Rófur

99 kr. pk.
Grand Italia pasta

2 FYRIR 1
Haribo Sport Mix

348 kr. kg.
Vinber rauð

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Tek að mér

að örmerkja hross.

Jón Geir Ólafsson sími 4871427

Gamla konu

á Hjallatúni vantar gamlan skinnjakka í endurvinnslu

Uppl. í s. 487-1348 á Hjallatúni

TANNLÆKNIR

Jón S. Sveinsson tannlæknir verður á heilsugæslustöðinni í Vík mánudaginn 22. og þriðjudaginn 23. janúar n.k.

Tímamantanir í síma 4805340

Auglýsingar berist

fyrir kl. 9 á
þriðjudögum.
ÚTG.



SNYRTI-STOFAN Í VÍK.

Kæru viðskiptavinir í Skaftárhreppi. Dagana 22. til 24. janúar mun ég bjóða uppá snyrtingu að Geirlandi.

Tímamantanir í síma 868-3642

Kveðja

Margrét Birgisdóttir Snyrtifræðingur.

Aðalfundur

Félags eldri borgara í Skaftárhreppi verður haldinn á Hótel Laka í Efri-Vík miðvikudaginn 24. janúar kl. 13:30

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Nýir félagar velkomnir á nýju ári Stjórnin.

SMÁAUGLÝSINGAR

3. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 17. JANÚAR 2007

Prófkjör Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi 20. janúar 2007

Stjórn Framsóknarfélags Vestur-Skaftafellssýslu hvetur alla félagsmenn til þátttöku í prófkjöri Framsóknarmanna **laugardaginn 20. janúar n.k.** Kjörstaðir á svæði félagsins verða tveir.

Hótel Kirkjubæjarklaustur frá klukkan 12-18
Grunnskólinn í Vík frá klukkan 12-18

ATHUGIÐ! Þeir sem ekki eru skráðir í félagið en hafa áhuga á að taka þátt í prófkjörinu og eru 16 ára og eldri, geta skráð sig í félagið á kjörstað.

Allar frekari upplýsingar, m.a. um utankjörfundarkosningu, má finna í upplýsingariti prófkjörsins sem sent var nýverið á öll heimili í sýslunni eða hjá stjórn en hana skipa:

Elín Einarsdóttir Sólheimahjáleigu
Ragnar Jónsson Dalshöfða
Karl Pálmason Kerlingardal
Sigmar Helgason Kirkjubæjarklaustri
Svanhvít Sveinsdóttir Vík



SYSTRAKAFFI

PIZZAKVÖLD

Föstudagskvöldið 19. jan. verður opið á Systrakaffi frá kl. 17:00.

Verið velkomin

Systrakaffi
487-4848





UMF Drangur VS ÍBV

Þá er loksins komið að því að Drangur mætir Vestmannaeyingum í fyrsta leik liðanna í vetur.

Við hvetjum alla til að mæta
laugardaginn 20. janúar kl. 14:00

og styðja okkar menn.




Áfram Drangur.

ÞORRABLÓT

Þorrablót Víkurbúa og vina verður haldið
í Leikskálum laugardaginn 20. janúar n.k.

Miðar verða afhentir í Leikskálum kl. 13-14 sama dag.

Enn eru nokkur sæti laus,
upplýsingar hjá Naní



Húsið opnar kl. 19:30,
dagskrá hefst kl. 20:00

Hljómsveitin Vírus leikur fyrir dunandi dansi fram eftir nóttu.
Nefndin

Nýkomið

Fatnaður fyrir þorrablótin.

Tilboð: Blend gallabuxur kr. 2.500
----- bolir kr. 1.500

30% afsláttur af völdum vörum.

*Klakkur ehf. Vík
Sími 487-1223*



Kæru Skaftfellingar.

Um leið og ég óska ykkur gleðilegs árs þá vil ég þakka samstarfið á liðnum árum.

Þann 20. janúar n.k. verður prófkjör Framsóknarflokksins. Kjördæmisþing samþykkti mótatkvæðalaust að efna til prófkjörs. Í því felast skýr skilaboð um vilja til breytinga. Þess vegna tók ég áskorun um að gefa kost á mér í fyrsta sætið þannig að fólk hafi valkost.

Ég tel ríka ástæðu til að skerpa á vinnulagi innan flokksins þannig að hverju svæði nýtist sem best. Verkefni eru næg og til þess að ná árangri þarf að hafa samhentan hóp sem vill ná árangri. Því vil ég koma til leiðar þannig að tengsl íbúa við fram-
bjóðendur listans haldist allt kjörtímabilið en ekki bara fyrir kosningar. Þannig náum við árangri.


Þess vegna falast ég eftir stuðningi ykkar til fyrsta sætis.

Sími minn er oftast opinn, 893-5592,
og netið sefur aldrei: hjalmara@althingi.is



Með vinsemd

Hjálmar Árnason



Starfsfólk á Hótel Klaustur.

Jæja - "elskurnar" - ekki er ráð nema í tíma sé tekið því nú verður án efa barist, þó væntanlega í góðu, um hvern einasta starfsmann hér á þessu svæði alveg fram á síðasta dag!!

Þar að leiðandi erum við sem sagt að senda frá okkur fyrstu boð í leit að starfsfólki fyrir komandi vor, sumar og hausttraffík - sem verður aldeilis dæmalaust góð, því nú er spáð alveg eindæma blíðu með tilheyrandi ferðamannastraumi hér á þessu svæði - nema hvað!!

Við erum sem sagt að leita að eftirfarandi starskrafti.

Starfsfólki í eldhús, við þrif á herbergjum, í þvottahús, í veitingasal og á bar, á næturvaktir og í gestamóttöku.

Við getum hvorki lofað gulli né grænum skógi handa þeim starfsmönnum sem hafa áhuga á að vinna með okkur enda eigum við ekkert til af slíku - en við greiðum hins vegar alveg "þokkaleg" laun fyrir gott starfsfólk - svo ekki sé meira sagt alla vega á bili.

Hótel Klaustur er líflegur og skemmtilegur vinnustaður þar sem verkefni eru næg - og möguleiki á heilum helling af vinnu fyrir duglegt og áhugasamt fólk.

Við leitum að fólki af báðum kynjum - þar sem litarháttur, hæð, þyngd eða önnur líkamslögun skiptir ekki máli.

***Áhugasamir hafi samband við undirrituð sem allra fyrst.
Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.
Hlökkum til að heyra frá ykkur.***

***Kalli og Svana
S: 487 - 4900, 861 - 1306 og 862 - 8166.***

Löggufréttir 6.1.2007

Nýskipan löggæslumála
Um síðastliðin áramót tóku í gildi lög þar sem kveðið er á um nýskipan löggæslumála á Íslandi. Lögregluembættunum er fækkað úr 26 í 15 með sameiningu lögregluliða. Með þessum breytingum er lögð áhersla á að með stækkun og fækkun lögregluumdæma er verið að auka og efla þjónustu lögreglu við íbúa landsins, styrkja lögreglu á öllum sviðum, bæði almenna löggæslu og rannsóknir sakamála. Lögreglustjórinn á Hvolsvelli stýrir nú einnig löggæsluliði sem áður heyrði undir lögreglustjóranum í Vík. Níu lögreglumenn starfa í nýju umdæmi sem nær frá Gígjukvísl á Skeiðarársandi í austri og að Þjorsá í vestri. Hið nýja embætti er alls um 15.400 ferkílómetrar að stærð með u.þ.b. 4300 íbúa í fimm sveitarfélögum með fjórum kaupþúnum, Hellu, Hvolsvelli, Vík og Kirkjubæjarklaustri. Í nýju umdæmi eru að auki þeir ferðamannastaðir á hálendinu sem eru hvað fjölfarnastir; Sprengisandsleið, Veiðivötn, Fjallabaksleiðir nyðri og syðri, Landmannalaugar, Eldgjá, gönguleiðin milli Landmannalauga og Skóga, Þórsmörk, Fimmvörðuháls og Laki svo eitthvað sé nefnt.

Af þessu tilefni efndi lögreglustjórinn á Hvolsvelli, Kjartan Þorkelsson, til fundar föstudaginn 5. janúar síðastliðinn með lögreglumönnum og löglærðum fulltrúa er starfa í nýju umdæmi þar sem lögreglustjóri kynnti m.a. stefnumótun fyrir hið nýja löggæsluumdæmi og langtímaáætlun.

Ýmis spakmæli:

Það er dýrt að lifa á þessari jörð, en það er innifalinn ókeypiss hringferð um sólina á hverju ári.

Afmælis dagar eru góðir fyrir þig - því fleiri sem þú átt, því lengur lifirðu.

Hamingjan kemur inn um dyrnar sem þú veist ekki einu sinni af að þú hefur opnað.

Hefurðu tekið eftir því að fólk sem kemur of seint er oft mikið glaðara en fólk sem hefur þurft að bíða eftir því?

Það getur verið að þú sért stundum eina manneskjan í heiminum, en þú ert líka ef til vill allur heimurinn fyrir eina manneskju.

Sum mistök eru allt of skemmtileg til að gera þau bara einu sinni.

Ekki gráta af því að því er lokið, brostu af því að það gerðist.

Raunverulega hamingjusamur maður er sá sem getur notið þess sem gerist þegar hann endurtekur ferðina. Eða eins og einn maður sagði - það að vera hamingjusamur er ákvörðun .

Eigðu frábæran dag og vittu að einhver sem þykir þú skipta máli hefur hugsað til þín í dag!..

"Og þessi einhver er ég.".....

